

Bjarnaflagsvirkjun, Krafla I og II

Mývatn, Laxá og nágrenni þess er friðað með sérstökum lögum sem voru hluti af sáttgjörð eftir mjög harða virkjanadeilu. Þá hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til að vernda Mývatns- og Laxásvæðið sem alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði. Eigi að síður var áratugum saman leyfður námagröftur á botni vatnsins sem nærri fór því að ganga af lífríkinu dauðu. Ástæða þess að þeirri starfsemi var hætt var að markaðir brugðust fyrir framleiðsluna, ekki að menn gripu til aðgerða til að vernda lífríkið.

Nú kann að vera önnur vátta uppi. Virkjanir við Kröflu og virkjun sem áformuð er í Bjarnaflagi eru mjög nærri Mývatni. Á milli þeirra og vatnsins eru fáir kílómetrar í tilfelli Kröflu en varla nema einn eða tveir í tilviki Bjarnaflagsvirkjunar. Á milli er sprungið hraun sem miklir vatnsstraumar renna um og hver og einn getur séð til dæmis í Grjótagjá. Margir hafa lýst áhyggjum af því að affall frá virkjununum mengi Mývatn og brennisteinsákoma aukist gríðarlega. Heimamenn segjast þegar greina mengun bæði í Grjótagjá og Vogagjá. Áður en lengra verður haldið með virkjanir við Kröflu og áður en meira verður gert í Bjarnaflagi er brýnt að grafast fyrir um það með öruggum hætti hvort mengun sé þegar farin að segja til sín í nefndum gjám og berast til Mývatns því þangað liggur straumurinn, vatnið fer ekkert annað. Það er nauðsynlegt að aðrir en virkjunaraðilar annist rannsóknirnar. Raunar ætti aldrei að leggja á slíka aðila að líta eftir sér sjálfir. Hættulegustu efni í affalli borhola á háhitasvæðum eru arsen, brennisteinsvetni, bór og kvikasilfur auk þungmálma á borð við blý, kadmíum, zink og ál. Arsen hefur þegar mælst yfir hættumörkum í læk sem rennur á yfirborði suður Hlíðardal frá Kröfluvirkjun.

Brýnt er áður en lengra er haldið að rannsaka gaumgæfilega hvaða áhrif margföldun á orkuöflun við Kröflu og í Bjarnaflagi muni hafa á lífríki Mývatns og Laxár og umhverfi og lífsskilyrði íbúa í sveitinni ekki síst í Reykjahlíðarþorpi og Vogum en það fólk býr mjög nærri Bjarnaflagi. Jafnframt þarf að hafa í huga að ferðamenn á þessu svæði skipta hundruðum þúsunda á hverju sumri og stærstu tjaldsvæðin og gististaðirnir eru einmitt í Reykjahlíð og Vogahverfi. Mér er tjáð að heildarútbástur allra þeirra jarðvarmavirkjana sem þarna eru áformaðar geti orðið um það bil helmingur af heildar kolefnisútbæstri allra samgöngutækja í landinu. Eins og allir vita er brennisteinsvetni eitruð lofttegund og hættuleg ekki bara fyrir fugl og fisk, líka fyrir Mývetninga og ferðamenn frá öllum heimsins hornum. Í ljósi þess sem hér hefur verið stiklað á finnst mér einboðið að frekari nýting jarðvarma í Bjarnaflagi og við Kröflu fari í biðflokk á meðan rannsakað verður með fullnægjandi hætti og af óvilhöllum aðilum hver heildaráhrif allrar þessarrar fyrirhuguðu jarðhitanýtingar verða fyrir mann og mús, fugl og fisk í Mývatnssveit. Hugsanlega er hægt að minnka mengunaráhrif með niðurdælingu affallsvatns en fréttir haustsins frá Hellsheiðarvirkjun benda þó til þess að sú lausn skapi enn ný vandamál og líklega ekki auðleysanleg.

Hjördís Finnbogadóttir